

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 8, 220 Hafnarfirði, hér eftir nefndur „ábyrgðaraðili“, og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, hér eftir nefndur „vinnsluaðili“, gera með sér:

VINNSLUSAMNING

um vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við 3. mgr. 25. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sbr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Tilgangur samnings

Tilgangur samnings þessa er að tilgreina skyldur og réttindi vinnsluaðila við vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila. Hana skal vinnsluaðili framkvæma eingöngu samkvæmt skjalfestum fyrirmælum ábyrgðaraðila og í þeim tilgangi einum að sinna stuðningi, vettvangsstarfi og ráðgjöf á vegum Vettvangs- og ráðgjafateymis (VoR teymis) í samræmi við gildandi samstarfssamning á milli aðila.

Samningurinn nær einvörðungu til þeirrar vinnslu þar sem vinnsluaðili starfar sem vinnsluaðili fyrir hönd ábyrgðaraðila samkvæmt samstarfssamningnum. Önnur starfsemi vinnsluaðila, þ.m.t. sjálfstæð þjónusta sem hann veitir eigin íbúum eða vinnsla á grundvelli sjálfstæðrar lagaskyldu vinnsluaðila, fellur utan samnings þessa.

Hvað varðar skilgreiningu á hugtökum sem notuð eru í vinnslusamningi þessum vísast til 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Lýsing á vinnslu

Þjónusta vinnsluaðila

Vinnsluaðili er heimilt að vinna persónuupplýsingar fyrir hönd ábyrgðaraðila sem eru vinnsluaðila nauðsynlegar til að veita eftirfarandi þjónustu:

- Mat á þjónustuþörfum og skipulagning vettvangs- og ráðgjafarþjónustu fyrir einstaklinga með lögheimili í Hafnarfirði sem glíma við langvarandi heimilisleysi og flókin vanda.
- Skráning og ut anumhald upplýsinga í málaskrá eftir því sem við á og heimild stendur til.
- Miðlun nauðsynlegra upplýsinga og samstarf við tengiliði og stuðningsteymi ábyrgðaraðila (fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðarbæjar) til að tryggja samfellu í þjónustu og flýta málsmeðferð.
- Tæknileg hýsing, skráning og varðveisla gagna sem verða til í starfsemi VoR teymisins varðandi þjónustuþega ábyrgðaraðila.

Öll önnur vinnsla persónuupplýsinga sem vinnsluaðili kann að framkvæma á grundvelli sjálfstæðrar lagaskyldu eða eigin verkefna fellur utan samnings þessa og fer fram á grundvelli sjálfstæðrar ábyrgðar vinnsluaðila.

Eðli og tilgangur vinnslu

Tilgangur vinnslunnar er að gera ábyrgðaraðila kleift að uppfylla lögbundnar skyldur sínar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, gagnvart íbúum sínum sem glíma við heimilisleysi og flókinn vanda.

Eðli vinnslunnar er tæknileg og skipulagsleg vinnsla persónuupplýsinga.

Tegundir persónuupplýsinga

Vinnsluaðila er heimilt að vinna með eftirfarandi tegundir persónuupplýsinga:

- Almennar persónuupplýsingar (s.s. nafn, kennitala, lögheimili, tímabundinn dvalarstaður, símanúmer og netfang).
- Viðkvæmar persónuupplýsingar (s.s. upplýsingar um heilsufar, geðheilsu, vímuefnaneyslu, félagslegan vanda, meðferðarsögu og skráningar úr sjúkraskrár að því marki sem nauðsynlegt er vegna samstarfsins).
- Aðrar persónuupplýsingar (s.s. fjölskylduhagir, tengslanet, nýting neyðarskýla og tölfraðilegar upplýsingar um veitta þjónustu).

Flokkar skráðra einstaklinga

- Einstaklingar með lögheimili í Hafnarfirði sem glíma við heimilisleysi eða búa við ótryggar aðstæður og nýta neyðarskýli eða þjónustu VoR teymisins.
- Starfsfólk ábyrgðaraðila og vinnsluaðila sem koma að framkvæmd þjónustunnar.
- Aðstandendur eða tengiliðir þjónustuþega eftir því sem við á.

Fyrirmæli ábyrgðaraðila

Ábyrgðaraðili skal veita vinnsluaðila öll nauðsynleg fyrirmæli um vinnslu persónuupplýsinga. Fyrirmæli skulu vera skrifleg eða rafræn, nægjanlega skýr, rekjanleg og þess eðlis að vinnsluaðili geti metið hvort þau samrýmist gildandi persónuverndarlöggjöf. Ákvæði vinnslusamnings þessa og samstarfssamnings aðila teljast til slíkra fyrirmæla.

Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir á meðan samstarfssamningur aðila er í gildi. Ákvæði samningsins um trúnað, öryggi, lok vinnslu og ábyrgð vinnsluaðila halda þó gildi sínu þrátt fyrir uppsögn eða lok samstarfssamningsins.

Skyldur vinnsluaðila

Vinnsluaðili skal:

- Vinna persónuupplýsingar eingöngu samkvæmt skjalfestum fyrirmælum ábyrgðaraðila, nema honum sé það skylt samkvæmt lögum; í því tilviki skal vinnsluaðili upplýsa ábyrgðaraðila um það lagaskilyrði áður en vinnslan hefst nema lögin banni slíka upplýsingagjöf.
- Tryggja að aðeins þeir starfsmenn vinnsluaðila sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að persónuupplýsingunum og að þeir séu bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu samkvæmt lögum eða undirrituðum trúnaðaryfirlýsingum sem halda gildi sínu eftir að störfum lýkur.
- Gera og viðhalda viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum öryggisráðstöfunum í samræmi við 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.
- Upplýsa ábyrgðaraðila tafarlaust telji vinnsluaðili að fyrirmæli samrýmist ekki gildandi persónuverndarlöggjöf.
- Aðstoða ábyrgðaraðila án óþarfa tafa við að uppfylla skyldur hans samkvæmt lögum um persónuvernd gagnvart skráðum einstaklingum og eftirlitsaðilum.
- Upplýsa ábyrgðaraðila án tafar um veruleg frávik frá fyrirmælum ábyrgðaraðila, jafnvel þótt þau teljist ekki öryggisbrot í skilningi persónuverndarlaga.

Öryggi vinnslu og tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir

Vinnsluaðili skal gera og viðhalda viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum öryggisráðstöfunum til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga í samræmi við áhættu vinnslunnar, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Við mat á viðunandi öryggi skal einkum gæta að þeirri áhættu sem vinnsla persónuupplýsinga hefur í för með sér, einkum vegna gagnaflutnings, ólögmætrar eyðingar, spillingar gagna, eða óheimils aðgangs að persónuupplýsingum sem eru sendar, varðveittar eða unnar á annan hátt.

Ráðstafanir vinnsluaðila skulu tryggja viðvarandi heilleika, trúnað, tiltækileika og sveigjanleika vinnslukerfa og þjónustu. Vinnsluaðili skal jafnframt tryggja að hægt sé að endurheimta tiltækileika persónuupplýsinga og aðgang að þeim tímanlega ef upp kemur tæknilegt eða líkamlegt atvik.

Ráðstafanirnar skulu að lágmarki uppfylla þær kröfur sem lýst er í Viðauka B.

Undirvinnsluaðilar

Vinnsluaðila er heimilt að nýta undirvinnsluaðila við vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt samningi þessum, enda sé slík vinnsla nauðsynleg til að veita þjónustuna, fari fram á grundvelli almenns skriflegs samþykkis ábyrgðaraðila og í samningi vinnsluaðila og undirvinnsluaðila séu lagðar sömu skyldur og mælt er fyrir um í samningi þessum. Með undirritun samnings þessa veitir ábyrgðaraðili vinnsluaðila heimild til að nýta þjónustu þeirra undirvinnsluaðila sem eru tilgreindir í viðauka A. Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila skriflega með a.m.k. 30 daga fyrirvara um fyrirhugaðar breytingar á undirvinnsluaðilum. Vinnsluaðili ber fulla ábyrgð á störfum undirvinnsluaðila gagnvart ábyrgðaraðila.

Réttindi hinna skráðu

Vinnsluaðili skal veita hinum skráðu upplýsingar og fræðslu um vinnslustarfsemina í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Berist vinnsluaðila beiðni frá skráðum einstaklingi skal hún jafnframt framsend ábyrgðaraðila eigi síðar en innan tveggja virkra daga. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á efnislegri afgreiðslu beiðna.

Tilkynning um öryggisbrot

Vinnsluaðili skal tilkynna tengilið ábyrgðaraðila ef upp koma öryggisbrot í skilningi persónuverndarlaga, án tafar og eigi síðar en innan 24 klst. frá því að hann verður þess var. Með tilkynningunni skulu fylgja öll gögn sem nauðsynleg eru til þess að ábyrgðaraðili geti tilkynnt um brotið til Persónuverndar.

Lok vinnslu

Við lok vinnslu skal vinnsluaðili, innan 30 daga frá fyrirmælum ábyrgðaraðila, eyða eða skila öllum persónuupplýsingum sem tengjast vinnslunni til ábyrgðaraðila nema lög kveði á um annað. Vinnsluaðili skal staðfesta skriflega að eyðing eða skil hafi farið fram í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila.

Tengiliðir

Tengiliður ábyrgðaraðila:

- Nafn: Áslaug Erla Hansdóttir
- Starfsheiti: Teymisstjóri sértækrar heimaþjónustu hjá fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðarbæjar
- Netfang: aslaugh@hafnarfjordur.is
- Sími: 664-5706

Tengiliður vinnsluaðila:

- Nafn: Þorbjörg Valgeirsdóttir
- Starfsheiti: Forstöðumaður VoR teymis Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar
- Netfang: thorbjorg.valgeirsdottir@reykjavik.is
- Sími: 665-7632

Persónuverndarfulltrúi

Vinnsluaðili skal upplýsa ábyrgðaraðila um tengiliðaupplýsingar persónuverndarfulltrúa síns:

Persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar: personuverndarfulltrui@reykjavik.is

Tilkynningar um breytingar

Hvor aðili skal tilkynna gagnaðila sínum með skriflegum hætti fyrirfram um allar breytingar á tengiliðum eða persónuverndarfulltrúa.

Skráning og eftirlit

Vinnsluaðili skal halda skrá yfir vinnslustarfsemi sem fer fram fyrir hönd ábyrgðaraðila og veita ábyrgðaraðila nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á reglufyllgni. Ábyrgðaraðila er heimilt að framkvæma úttektir og hafa eftirlit með vinnslunni.

Lög og varnarþing

Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ágreiningur skal borinn undir héraðsdóm Reykjaness

Undirritun

Samningur þessi hefur verið gerður í rafrænu formi og er undirritaður rafrænt af fulltrúum samningsaðila með fullgildum rafrænum undirskriftum, í skilningi 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 910/2018.

Fyrir hönd ábyrgðaraðila:

Guðlaug Ósk Gísladóttir sviðsstjóri barna- og fjölskyldumálasviðs, Hafnarfjarðarkaupstaður

Fyrir hönd vinnsluaðila:

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Reykjavíkurborg

VIÐAUKI A – Undirvinnsluaðilar

Viðauki þessi er órjúfanlegur hluti vinnslusamningsins og tilgreinir þá undirvinnsluaðila sem samþykktir eru við gildistöku samningsins:

Heiti hýsingaraðila og hugbúnaðarveitanda málaskrár:

[ccc]

Hlutverk: Hýsing og tæknilegur rekstur á málaskráarkerfi velferðarsviðs.

Tegundir vinnslu: Vistun og tæknileg vinnsla persónuupplýsinga.

Staðsetning vinnslu: Ísland / EES.

VIÐAUKI B – Öryggisráðstafanir

Vinnsluaðila er skylt að gera og viðhafa viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi upplýsinga frá ábyrgðaraðila og vernda þær m.a. gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi, gegn óleyfilegum aðgangi og gegn allri annarri ólögmati vinnslu. Jafnframt er vinnsluaðila skylt að tryggja öryggi starfsstöðva, pappírgagna og færanlegra geymslumiðla eins og farsíma og spjaldtölva sem geymt geta upplýsingar.

Vinnsluaðili skal beita viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum sem tryggja viðunandi öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslu.

Meðal þeirra ráðstafana sem vinnsluaðila er skylt að fara eftir eru eftirfarandi:

Öryggi gagna og hugbúnaðar

- Á meðan þjónustusamningur er í gildi heldur vinnsluaðili skráningu varðandi þjónustunotendur fyrir ábyrgðaraðila. Skráning er í kerfið [ccc] og heldur utan um þær trúnaðarupplýsingar er þar koma fram. Tilgangur vinnslunnar er að skrá upplýsingar með skipulögðum hætti. Tilgangur þeirra vinnslu er að varðveita gögn með skipulögðum hætti og miðla nauðsynlegum upplýsingum og verklögum til starfsmanna fyrir hverja vakt.
- Komi upp sú staða að vinnsluaðili þurfi að varðveita gögn frá ábyrgðaraðila, t.d. í þeim tilvikum sem starfsmenn hafa útprentaðar upplýsingar ábyrgðaraðila eða skráð upplýsingar á pappír ber vinnsluaðila að gæta þess að varðveita slíkar trúnaðarupplýsingar á öruggum stað.
- Trúnaðarupplýsingar skulu aðeins vera sendar milli aðila í gegnum örugga gagnagátt.

Efnislegt öryggi

- Tryggja skal að öll gögn í umsjá vinnsluaðila séu varin gegn þjófnaði og skemmdum, hvort sem er af ásetningi, fyrir slysi eða af öðrum orsökum, s.s. af völdum náttúruafla. Meðal ráðstafana sem vinnsluaðila ætti að nota í þessu samhengi eru þjófavarnakerfi, læsingar að vinnusvæðum og/eða starfsstöðvum fyrirtækisins og/eða notkun aðgangskortakerfis. Að laus blöð eða skrár liggi aldrei á lausu, óvarin í húsnæði, bifreið eða annarstaðar.
- Ef tölvubúnaður glatast, skemmist eða er stolið skal vinnsluaðili tilkynna það umsvifalaust til ábyrgðaraðila.
- Ekki skal veita óviðkomandi aðgang að lokuðum svæðum.

Aðgangsbúnaður, aðgangskort eða aðgangsslyklar starfsmanna, skuli geymdir á öruggum stað.

Fræðsla og innra eftirlit

Starfsfólk vinnsluaðila og VoR teymisins fær reglubundna fræðslu um persónuvernd, sérstök lögbundin þagnarskyldu velferðarþjónustu og öryggi upplýsinga á vettvangi.

Vinnsluaðili skal viðhalda innra eftirliti með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við persónuverndarlög og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið. Innra

eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnað af framkvæmd eftirlitsins. Eftirlitið skal þó ekki fara fram sjaldnar en árlega.